



Hestamannafélagið Sprettur

Stjórnarfundur, þriðjudaginn 18. júní 2018 á Kjóavöllum.

8. fundur

Fundur hófst kl. 17:30

Mættir: Lárus Finnbogason, Sigurður Tyrfingsson, Auður Stefánsdóttir, Sveinbjörn Sveinbjörnsson, Hermann Vilmundarson og Magnús Benediktsson framkv.stj.

Ragna Emilsdóttir, og Sverrir Einarsson boðuðu forföll.

Á þessum 8. fundi stjórnar var eftirfarandi tekið fyrir:

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar samþykkt.
2. Mótahald vorsins hefur gengið að mestu vel. Íþróttamóti var frestað vegna veðurs og ekki var hægt að koma því inni dagskrá vorsins. Kynbótasýningar vorsins gengu vel en veður var að hamla mótahaldi. Gæðingamót var haldið í tvennu lagi. Fyrri og seinni úrtaka. Mikilvægt er að fá fleiri félagsmenn til að aðstoða við mótahald.
3. Búið er að tilkynna alla þá hesta og knapa sem keppa fyrir hönd félagsins. Sprettur hefur útbúið pakka fyrir börn, unglinga og ungmenni sem þau fá afhent fyrir mót. Í þessum pakka er fatnaður fyrir knapa til að nota á mótssvæðinu, ábreiða fyrir hestinn og ýmislegt annað sem nýtist fyrir hross og umhirðu þeirra meðan á móti stendur. Sprettur hefur fengið öfluga styrkaraðila sem leggja þessu góða málefni lið og fá þess í stað auglýsingar á fatnaði og ábreiðum. Alls eru þetta 66 börn, unglingar og ungmenni sem njóta þessarar gjafar.
4. Nú þarf að fara að huga að undirbúningi fyrir Landsmót 2022. Mikilvægt er að nefndir verði skipaðar sem fyrst frá bæjarfélögunum eins og fram hefur komið í fyrri fundargerðum. Óskað hefur verið eftir því að gróðursetning og frágangur á svæðinu fari fram sem fyrst. Setja þarf á blað aðgerðarplan og fá aðila í nefndir.
5. Vegargerð vegna Grunnuvatanaleiðar er farin af stað. Búið er að fá fjármagn frá Reiðveganefnd LH sem og Garðabæ til að byrja á þessari reiðleið. Byrjað er að flytja hluta þess efnis sem þarf í veginn á staðinn. Fulltrúar Sprettis og sveitafélagsins gengu þessa leið fyrir skemmstu og búið er að stika leiðina.

6. Dómur féll í máli Sveins Ívarssonar arkitekts gegn Hestamannafélaginu Spretti. Spretti ber að greiða Sveini 9.890.000 kr með dráttarvöxtum samkv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 12. Janúar 2016 til greiðsludags.

7. Íslandsmót eldri og yngri flokka verður haldið á Sprettsvæðinu dagana 18.-22. Júlí. Búist er við góðum hestakosti og skráningum á þessu Landsmótsári. Nú þegar er farið að huga að uppsetningu mótahaldsins.

Fundi slitið kl. 19:30 Fundargerð ritaði Auður Stefánsdóttir